



Starfsmannafélag Dala og Snæfellsnessýslu

Aðalfundur Starfsmannafélags Dala og Snæfellsnessýslu
Haldinn á Hótel Stykkishólmi laugardaginn 8. apríl 2006

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og ritara.

Tillaga kom fram um Írisi Huld Sigurbjörnsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt með lófataki. Tillaga kom fram um Steinunni I. Magnúsdóttur sem fundarstjóra og var það samþykkt með lófataki. Formaður afhenti Steinunni að því loknu fundarstjórnina.

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.

Helga Hafsteinsdóttir flutti skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár. Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar.

1. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.

Gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins. Fundarstjóri gaf orðið laust um reikninga félagsins. Athugasemdir bárust ekki og skoðast því reikningar samþykktir.

1. Skýrsla orlofsnefndar.

Formaður flutti skýrslu orlofsnefndar í forföllum formanns orlofsnefndar. Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu orlofsnefndar. Engin kvað sér hljóðs.

1. Kosning formanns.

Tillaga uppstillingarnefndar um Helgu Hafsteinsdóttur, Grundarfirði. Tillagan var samþykkt með lófataki.

1. Kosning meðstjórnenda og varamanna í stjórn.

Samkvæmt ferli félagsins skal kjósa tvo í stjórn til tveggja ára:

Tillaga uppstillingarnefndar um Erlu Laxdal, Hellissandi og Guðmunda Wium, Ólafsvík samþykkt samhjóða með lófataki. Til vara: Steinunn I. Magnúsdóttir Stykkishólmi samþykkt með lófataki.

1. Kosning skoðunarmanna og tvo til vara:

Tillaga uppstillingarnefndar um Bryndís Theódórsdóttir, Grundarfirði Víví Kristóbertsdóttir, Búðardal og til vara Guðmundur Andrésson, Stykkishólmi og Sigurður Reynir Gunnarsson, Hellissandi. Samþykkt með lófataki.

1. Önnur mál

- 1) Íris Huld Sigurbjörnsdóttir kynnti sjóði félagsins, styrktarsjóð BSRB og starfsmenntunarsjóð SDS.



Starfsmannafélag Dala og Snæfellsnessýslu

- 2) Formaður kynnti erindi frá Kili varðandi sameiningarviðræður. Málið kynnt fyrir félagsmönnum og borið undir félagsmenn hvort vilji sé til þess að stjórn fari í nánari skoðun á þessum málum. Engin rétti upp hönd og því vilji félagsmanna skýr þess efnis að áfram verði unnið innan félagsins.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum góðan fund og bauð fundarmönnum að ganga til kvöldverðar.